

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 154/2013

2014/EES/13/02

frá 8. október 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar skrá yfir smitferjur, heilbrigðiskröfur og vottunarkröfur varðandi húðsveppadrep og færsluna fyrir Taíland í skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á tilteknum fiskitegundum og lagarafurðum til Sambandsins er leyfður <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2013 frá 4. febrúar 2013 um notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fôður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fôður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 134. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.2 og í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2:  
„– **32012 R 1012**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 86. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008) í hluta 4.2:  
„– **32012 R 1012**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 18. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB) í hluta 6.1:  
„19. **32013 R 0101**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2013 frá 4. febrúar 2013 um notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka (Stjtið. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 31k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 1.

„– **32012 R 1012**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 1012**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1).“

4. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1012/2012 og (ESB) nr. 101/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.